

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-76/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. nóvember 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að farsíminn hafi verið haldinn galla og krefst endurgreiðslu á kaupverði farsímans.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. desember 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að álitsbeiðandi festi kaup á farsíma af gerðinni Samsung Galaxy A20 af seljanda þann 12. júlí 2019 fyrir 29.985 krónur. Að sögn álitsbeiðanda hefur farsíminn verið bilaður frá því hann var keyptur. Skjárinn hefur frosið, leikir hætt að virka og slökknað á leikjum án fyrirvara.

Álitsbeiðandi fór með farsímamann til seljanda stuttu eftir kaupin og krafðist þess að fá afhentan nýjan farsíma vegna bilunarinnar. Að sögn álitsbeiðanda sagði starfsmaður seljanda að ekki væri unnt að fá nýjan farsíma fyrr en úrbætur hafi verið reyndar þrisvar. Álitsbeiðandi fór í kjölfarið með farsímamann í viðgerð þann 17. september 2019. Í gögnum frá verkstæði kemur fram sú bilanalýsing álitsbeiðanda að kveikt sé á farsíma en „engin kontakt á skjá og kviknar ekki á honum. sambandsleysi við skjá“. Viðgerðarlýsing er eftirfarandi: „því miður var ekki hægt að framkalla bilun á verkstæði sími uppfærður sími yff og prófaður“. Þar sem seljandi taldi sig ekki ná að kalla fram bilunina var álitsbeiðanda afhentur farsíminn að nýju.

Að sögn álitsbeiðanda hélt bilunin hins vegar áfram, til að mynda var ekki hægt að horfa á myndbönd á vefsíðunni youtube þar sem þau spiluðust aftur á bak. Farsíminn var því aftur afhentur seljanda til viðgerðar þann 29. október 2019. Í bilanalýsingu álitsbeiðanda kemur fram að farsíminn taki „uppá því að gera sjálfstæða hluti. slekkur stundum ekki á skjá þegar það er beðið um það. spólar áfram og afturábak þegar verið er að horfa á myndbönd og opnar og lokar forritum án skipana“. Í viðgerðarlýsingu seljanda segir: „því miður er ekki hægt að bjóða upp á viðgerð á símanum. Við nánari athugun kom í ljós að síminn hefur orðið fyrir bleytuskemmdum. Hefur bleyta komist á móðurborðið. Síminn er því dæmdur óviðgerðarhæfur.“ Álitsbeiðanda var gert að greiða 3.590 krónur fyrir skoðun seljanda.

Álitsbeiðandi segir að farsíminn hafi ekki lent í nokkrum raka. Farsíminn hafi verið mjög lítið notaður enda verið bilaður frá upphafi og einnig var hann lengi á verkstæði seljanda í viðgerð. Bendir álitsbeiðandi á að farsíminn var keyptur nýr og hefur ekki virkað frá kaupunum. Ef hann hefur orðið fyrir rakaskemmdum hafi þær líklegast átt sér stað fyrir afhendingu farsímans þar sem farsíminn var bilaður á þeim tíma. Álitsbeiðandi krefst þess að fá kaupverð farsímans endurgreitt.

IV

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy A20 af seljanda þann 12. júlí 2019 fyrir 29.985 krónur. Um tveimur mánuðum síðar fór álitsbeiðandi með farsímamann í viðgerð til seljanda þar sem hún taldi hann bilaðan. Bilunin lýsti sér þannig að skjár farsímans fraus reglulega, leikir hættu að virka og virtist vera sambandsleysi við skjá. Seljandi kvaðst ekki ná að framkalla bilun í farsímanum og fékk álitsbeiðandi hann afhentan að nýju. Um einum mánuði síðar fór álitsbeiðandi aftur með farsímamann í viðgerð vegna sömu bilunar sem lýsti sér þannig að farsíminn opnaði og lokaði forritum án skipunar og sambandsleysi virtist við skjá farsímans. Í þeirri skoðun kom í ljós samkvæmt gögnum verkstæðisins að farsíminn hafi orðið fyrir rakaskemmdum og því ekki unnt að gera við hann. Álitsbeiðandi segir að rakaskemmdir hafi ekki orðið á farsímanum í hennar eigu. Telur hún að farsíminn hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst endurgreiðslu á kaupverðinu.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og í b-lið sama ákvæðis segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varðað“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Af gögnum málsins er ekki ljóst hver var ástæða bilunar í farsímanum. Við fyrstu skoðun, tveimur mánuðum eftir kaupin, taldi seljandi ekki mögulegt að framkalla bilun í farsímanum. Var farsíminn þar af leiðandi álitinn í lagi og afhentur álitsbeiðanda. Mánuði síðar skoðaði seljandi farsímamann aftur vegna sömu bilunar sem virðist hafa lýst sér með sama hætti og við fyrri skoðun seljanda. Taldi seljandi eftir þá skoðun að farsíminn hafi orðið fyrir rakaskemmdum sem orsökðu bilunina.

Seljandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að farsíminn hafi ekki verið haldinn galla við afhendingu samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. Með hliðsjón af atvikum málsins telur kærufndin að seljandi hafi ekki sýnt fram á að bilun farsímans megi rekja til álitsbeiðanda vegna rakaskemmda, enda komu þær ekki í ljós fyrr en við seinni skoðun seljanda. Telur kærufndin að farsíminn hafi því verið haldinn galla við afhendingu samkvæmt a- og b- lið 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndarúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr. og riftun samkvæmt 32. gr. nkpl.

Litið verður á kröfu álitsbeiðanda sem kröfu um riftun samkvæmt 32. gr. nkpl. Í gögnum frá verkstæði seljanda segir að ekki sé unnt að gera við farsímamann vegna rakaskemmda og því eru úrbætur ekki mögulegar. Kærufndin telur að farsíminn hafi verið haldinn galla frá upphafi óháð mögulegum rakaskemmdum, sem komu fyrst í ljós í seinni skoðun seljanda þremur mánuðum eftir kaupin. Að áliti kærufndarinnar eru skilyrði riftunar

uppfyllt. Seljanda ber því að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð farsímans að fjárhæð 29.985 krónur þegar álitsbeiðandi skilar farsímanum til seljanda.

V

Álitsorð

Fallist er á kröfu álitsbeiðanda, X, um riftun kaupa á farsíma af gerðinni Samsung Galaxu A20, af seljanda, Y, sem áttu sér stað þann 12. júlí 2019. Seljanda ber að endurgreiða kaupverð farsímans, að fjárhæð 29.985 krónur, til álitsbeiðanda þegar álitsbeiðandi skilar farsímanum.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson